

Akraneskaupstaður  
Stilholti 16-18  
300 Akranes  
b.t. Bæjarráð

Akranes, 3. desember 2015

### **Beiðni um áframhaldandi afnot af húsnæði við Dalbraut 6.**

Fimleikafélag Akraness hefur haft afnot af húsnæði Akraneskaupstaðar við Dalbraut 6 frá sl. vori en bæjarráð samþykkti að félagið hefði afnot af húsinu til 1. janúar 2016. Stór hluti æfinga hefur þessa sl. önn farið fram í húsinu og gert gríðarlega mikið fyrir starfið, gefist hefur kostur á auknum æfingatíma, auk þess sem það sparar mikinn tíma og fyrirhöfn að þurfa ekki að stilla upp og ganga frá öllum áhöldum við hverja æfingu.

Félagið þakkar fyrir þann stuðning sem því er sýndur með því að hafa fengið afnot af húsnæðinu – þó að hér sé ekki um neina draumaaðstöðu að ræða. Nú óskar félagið eftir því að fá áframhaldandi afnot af húsinu, eða þar til áætlað er að framkvæmdir muni hefjast þar.

F.h. FIMA

---

Sigrún Inga Guðnadóttir  
formaður